

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

Samstæðuársreikningur

2017

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.
Skógarhlíð 14
105 Reykjavík

Kt. 690500-2130

Efnisyfirlit

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. var stofnað á árinu 2000. Það tók við rekstri slökkviliðanna á höfuðborgarsvæðinu frá 1. júní 2000. Í samþykktum byggðasamlagsins segir að tilgangur þess sé að vinna að forvörnum og veita fyrstu viðbrögð til að vernda líf, heilsu fólks, eignir og sinna öðrum lögbundnum verkefnum.

Eigendur byggðasamlagsins eru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík (60,8%), Kópavogur (14,4%), Hafnarfjörður (12,2%), Garðabær (6,2%), Mosfellsbær (4,0%) og Seltjarnarnes (2,4%).

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðuársreikning Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., SHS fasteigna ehf. og Almanna- og Almannavarna höfuðborgarsvæðisins.

Rekstrarafgangur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. á árinu 2017 nam 335 millj.kr. samkvæmt rekstrarreikningi og eigið fé í árslok nam 2.027 millj.kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Stjórn byggðasamlagsins leggur til að hagnaður ársins verði færður til hækkunar á óráðstöfuðu eigið fé.

Það er álit stjórnar byggðasamlagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu þess í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. staðfesta hér með ársreikning byggðasamlagsins fyrir árið 2017 með áritun sinni.

Reykjavík, 26. febrúar 2018.

Stjórn:

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

F.h. Kópavogsbæjar

F.h. Mosfellsbæjar

F.h. Garðabæjar

F.h. Seltjarnarnesbæjar

Slökkviliðsstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnfjáreigenda í Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs.

Áritun um endurskoðun samstæðuársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. („samstæðan“) fyrir árið 2017. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2017 og afkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi samstæðunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samstæðuna upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst mikil vissu en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum samstæðuársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 26. febrúar 2018.

KPMG ehf.

Arni Claesh

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

Rekstrarreikningur ársins 2017

				Áætlun
	Skýr.	2017	2016	2017
Rekstrartekjur				
Rekstrartekjur	2	2.788.648	2.535.555	2.761.274
 Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	3	2.205.941	1.977.971	2.190.773
Námskeið og verkefni		85.307	70.844	91.571
Viðhald og rekstur tækja og bifreiða		71.420	67.677	69.349
Húsnæðiskostnaður		135.559	119.360	137.290
Annar rekstrarkostnaður		152.032	131.395	147.937
		<u>2.650.259</u>	<u>2.367.247</u>	<u>2.636.919</u>
 Afkoma fyrir afskriftir		138.389	168.308	124.354
Afskriftir	5	80.085	83.026	90.292
 Afkoma án fjármagnsliða		58.304	85.282	34.063
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	4	13.713	5.078	(12.606)
Leiðrétting lána	16c	263.452	0	263.452
 Afkoma fyrir tekjuskatt		335.470	90.360	284.909
Tekjuskattur	10	0	(40.685)	0
 Afkoma ársins	9	<u>335.470</u>	<u>49.675</u>	<u>284.909</u>

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	2017	2016
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir:			
Fasteignir og lóðir		1.760.480	1.803.613
Bifreiðar		67.665	66.702
Áhöld og tæki		93.496	96.845
Hugbúnaður		581	1.349
Fastafjármunir	5	1.922.222	1.968.509
Aðrar langtímaeignir			
Fyrirframgreidd framlög til Brúar lífeyrissjóðs	16c	169.971	0
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		127.786	109.564
Aðrar skammtímakröfur		10.604	18.799
Handbært fé		494.638	365.015
Veltufjármunir		633.027	493.378
Eignir samtals		2.725.221	2.461.887

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

31. desember 2017

Eigið fé og skuldir	Skýr.	2017	2016
Eigið fé			
Stofnfé		1.632.967	1.632.967
Óráðstafað eigið fé		394.406	58.936
Eigið fé	8,9	<u>2.027.373</u>	<u>1.691.903</u>
Langtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	11	<u>220.554</u>	<u>227.440</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		84.772	68.057
Næsta árs afborganir langtímaskulda	11	10.537	10.034
Aðrar skammtímaskuldir	12	<u>381.985</u>	<u>464.453</u>
		<u>477.294</u>	<u>542.544</u>
Skuldir samtals		<u>697.848</u>	<u>769.984</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>2.725.221</u></u>	<u><u>2.461.887</u></u>

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

Sjóðstreymisýfirlit 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Afkoma ársins	9	335.470	49.675
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	80.085	83.026
Gengismunur og verðbætur lána		4.018	4.976
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna		131	0
Tekjuskattur		0	40.685
Veltufé frá rekstri		419.704	178.362
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum			
Skammtímakröfur, breyting	(	10.027)	(34.544)
Skammtímaskuldir, breyting	(	65.750)	(146.967)
Fyrirframgreitt framlag til Brúar lífeyrissjóðs, breyting	(	169.971)	0
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda	(	245.748)	(181.511)
Handbært fé frá (til) rekstri		173.956	(3.149)
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í fasteignum		0	(14.184)
Fjárfesting í bifreiðum	(	12.049)	(8.822)
Seldar bifreiðar		290	0
Fjárfesting í áhöldum og búnaði	(	22.172)	(31.908)
Fjárfestingarhreyfingar	5	(33.931)	(54.914)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána	(	10.403)	(9.896)
Fjármögnunarhreyfingar	(	10.403)	(9.896)
Breyting á handbæru fé		129.623	(67.959)
Handbært fé í ársbyrjun		365.015	432.974
Handbært fé í árslok		494.638	365.015

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. hefur að geyma samstæðureikning byggðasamlagsins og dótturfélaga. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur völd, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Ársreikningar dótturfélaga eru innifaldir í samstæðureikningi byggðasamlagsins frá því yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

Viðskipti milli samstæðufélaga, viðskiptastöður og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli félaganna er felldur út í samstæðureikningnum.

b. Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2017. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags. Áfallinn gengismunur, vextir og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikninginn.

c. Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af tekjum frá eignaraðilum, sölu á þjónustu, ýmsum sértekjum og húsaleigutekjum.

d. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

Fasteign	50 ár
Bifreiðar	10 ár
Áhöld og tæki	5 - 10 ár
Hugbúnaður	5 ár

f. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign samstæðunnar, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

g. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

2. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:	2017	2016
Tekjur frá eignaraðilum	1.520.241	1.388.500
Tekjur vegna sjúkraflutninga	1.084.375	985.884
Aðrar sértekjur	67.686	66.610
Húsaleigutekjur	108.777	87.678
Almannavarnir	7.569	6.883
Samtals	2.788.648	2.535.555

Skýringar, frh.:

3. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2017	2016
Laun	1.729.518	1.588.851
Önnur launatengd gjöld	503.981	402.656
Áfallinn launakostnaður, breyting ársins	(27.559)	(13.536)
Launatengd gjöld og kostnaður	2.205.941	1.977.971

Á meðal annarra launatengdra gjalda eru gjaldfærðar 62 millj.kr. vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóðs. Vísað er í skýringu 16c varðandi frekari umfjöllun um uppgjorið.

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknað í heilsársstörf 162 155

Laun og þóknanir til stjórnar og stjórnenda námu alls 64,3 millj. kr. á árinu 2017 (2016: 56,4 millj.).

4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2017	2016
Vaxtatekjur og verðbætur	25.763	17.984
Vaxtagjöld og verðbætur	(12.050)	(12.906)
Samtals	13.713	5.078

5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteign og lóðir	Bifreiðar	Innréttingar, áhöld og tæki	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2017.....	2.156.669	340.023	409.753	23.126	2.929.571
Afskrifað áður	(353.056)	(273.322)	(312.909)	(21.778)	(961.065)
Bókfært verð 1.1.2017.....	1.803.613	66.701	96.844	1.348	1.968.506
Viðbót á árinu.....	0	11.628	22.172	0	33.800
Afskrifað á árinu.....	(43.133)	(10.663)	(25.521)	(767)	(80.084)
Bókfært verð 31.12.2017....	1.760.480	67.666	93.495	581	1.922.222
Heildarverð 31.12.2017.....	2.156.669	351.651	431.925	23.126	2.963.371
Afskrifað áður	(396.189)	(283.985)	(338.430)	(22.545)	(1.041.149)
Bókfært verð 31.12.2017....	1.760.480	67.666	93.495	581	1.922.222

6. Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat, vátryggingarverð og bókfært verð í árslok 2017 er eftirfarandi:

	Fasteignamat	Lóðamat	Brunabótamat	Bókfært verð
Skógarhlíð 14	1.319.700	210.800	2.216.550	878.115
Tunguháls 13	149.500	28.050	262.500	82.720
Skútahraun 6	239.700	61.550	460.500	170.323
Skarhólabraut	257.350	81.300	512.250	629.321
	1.966.250	381.700	3.451.800	1.760.479

Skýringar, frh.:

7. Eignarhlutir í dótturfélögum

Eignarhlutir í dótturfélögum greinast þannig:

	Hlutdeild	Hlutdeild í afkomu	Nafnverð	Bókfært verð
SHS fasteignir ehf.	100,0%	71.563	469.300	348.724
Almannavarnir höfuðborgarsvæðisins	100,0% (	7.812)	0	3.422
		63.751		352.146

8. Stofnfé

Samkvæmt stofnsamningi Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. miðast stofnframlög eigenda við hlutfallslegan íbúafjölda aðildarsveitafélaga. Í lok árs 2017 skiptist stofnfé með eftirfarandi hætti:

	Hlutfall	Stofnfé
Reykjavíkurborg	60,8%	993.124
Kópavogur	14,4%	235.624
Hafnarfjörður	12,2%	199.814
Garðabær	6,2%	101.203
Mosfellsbær	4,0%	64.448
Seltjarnarnes	2,4%	38.754
	100,0%	1.632.967

9. Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2017	1.632.967	58.936	1.691.903
Afkoma ársins		335.470	335.470
Eigið fé 31.12.2017	1.632.967	394.406	2.027.373

10. Skattamál

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. og dótturfélög eru ekki skattskyld.

11. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:

	31.12.2017	31.12.2016
Lánasjóður sveitarfélaga, verðtryggt með föstum vöxtum 3,19%	231.090	237.474
Næsta árs afborgun	(10.537)	(10.034)
Langtímaskuldir samtals	220.554	227.440

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok greinast þannig á næstu ár:

Árið 2017	10.537	10.034
Árið 2018	10.537	10.034
Árið 2019	10.537	10.034
Árið 2020	10.537	10.034
Árið 2021	10.537	10.034
Árið 2022	10.537	10.034
Síðar	167.871	177.270
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	231.090	237.474

12. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir sundurliðast þannig:

	2017	2016
Ógreidd laun og launatengd gjöld	49.335	50.016
Skuldbinding vegna frítökuréttar og aðrar áfallnar launaskuldbindingar	53.171	93.963
Áfallið orlof og aðrar skuldbindingar	194.158	167.461
Áfallinn starfslokakostnaður	16.369	39.512
Staðgreiðsla skatta o.fl.	55.158	55.457
Aðrar skammtímaskuldir	13.794	58.044
	381.985	464.453

13. Almennavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins

Almennavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins starfar eftir lögum um almannavarnir nr. 82 frá 2008. Slökkviliðsstjóri er framkvæmdastjóri nefndarinnar. Starfsemi nefndarinnar er kostuð af sveitafélögum höfuðborgarsvæðisins. Rekstur nefndarinnar á árinu greinist þannig:

	2017	2016
Framlög sveitarfélaga	7.569	7.192
Laun og launatengd gjöld	9.836	4.897
Menntun og verkefni	2.188	561
Sameiginlegur kostnaður	3.357	3.243
	15.381	8.701

14. Þóknun til endurskoðanda

Á árinu 2016 nam þóknun til endurskoðanda félagsins 3,4 millj.kr. fyrir endurskoðun ársreiknings og 0,2 m.kr. fyrir aðra þjónustu.

15. Tengdir aðilar

Eignaraðilar og félög tengd þeim, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins:

Hluti af þeim aðilum sem skilgreindir eru sem tengdir aðilar eiga almenn viðskipti við félagið. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg við það sem gerist í viðskiptum við ótengda aðila og eru þessi viðskipti því flokkuð sem slík.

16. Önnur mál

a. Dómsmál vegna gengistryggðra lána

Í apríl 2017 dæmi Hæstiréttur Íslandsbanka til að greiða Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. 263,4 m.kr. auk málskostnaðar vegna gengistryggðs láns sem greitt var upp árið 2011. Endurgreiðslan hefur verið innheimt og er tekjufærð meðal fjármagnsliða í rekstrarreikningi.

16. Önnur mál frh.

b. *Starfsmannamál*

Samkvæmt lögum um brunavarnir verða slökkviliðsmenn sem stunda reykköfun að hafa staðist læknisskoðun, þrekpróf, þolpróf og aðra mælingu líkamsástands. Einnig eru ákvæði í lögum, reglugerðum eða leiðbeiningum sem meina eða leysa slökkviliðsmenn undan þeirri starfsskyldu að stunda reyk- og/eða efnaköfun við ákveðinn aldur. Þessi ákvæði ásamt öðrum þáttum sem fylgja starfi þeirra kallar á möguleika á léttari vinnu og/eða flýta þurfi starfslokum. Tilfærsla í starfi eða hlutastarfi fyrir þennan hóp stendur ekki alltaf til boða og er íþyngjandi rekstrarlega séð fyrir slökkviliðið. Slökkviliðið hefur því reynt að gera starfslokasamninga við nokkra starfsmenn á hverju ári. Áfallnar skuldbindingar vegna þeirra hafa verið gjaldfærðar og skuldfærðar. Byggðasamlagið hefur jafnframt fært skuldbindingu vegna væntra starfslokagreiðslna á árinu 2017 og síðar. Heildarskuldbinding vegna starfslokasamninga nemur 16,4 m.kr. 31. desember 2017.

Á árinu 2015 voru gjaldfærðar samtals 115 m.kr. vegna frítökuréttar starfsmanna sem safnast hefur upp á seinustu sjö árum auk annarra áfallinna launaskuldbindinga. Í lok árs 2017 stendur skuldbindingin í 53 m.kr.

c. *Uppgjör við Brú lífeyrissjóð*

Á árinu 2017 greiddi Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins samtals um 232 m.kr. vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð. Uppgjörið er tilkomið vegna breytinga á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna sem samþykkt voru á Alþingi með lögum nr. 127/2016. Meðal breytinga er að ávinnsla lífeyrisréttinda í A-deildum LSR og Brúar verður aldurstengd en ekki jöfn og lífeyristökualdur hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við framangreindar breytingar eru réttindi virkra sjóðfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda. Samkvæmt samkomulagi Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins við Brú lífeyrissjóð er framlagið þrískipt:

- 60 m. kr. framlag í jafnvægissjóð sem ætlað er að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi - gjaldfært að fullu á árinu 2017.
- 156 m. kr. framlag í lífeyrisaukasjóð til að mæta framtíðarskuldbindingum vegna lífeyrisauka - gjaldfært á 30 árum frá 1. júní 2017.
- 16 m. kr. framlag í varúðarsjóð sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð - gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017.

Framlagið nemur því samtals 232 m.kr. þar sem 62 m.kr hafa verið gjaldfærðar á árinu 2017 en fyrirframgreiðslan í lífeyrisaukasjóð og jafnvægissjóð nemur um 170 m.kr. í árslok og er hún færð á meðal annarra langtímaeigna í efnahagsreikningi.